

Fundarstjóri, góðir fundarmenn.

Hver einasta fjölskylda í landinu finnur fyrir hinu alvarlega bankahruni sem skók landið okkar fyrir rúmu ári síðan. Við þær alvarlegu aðstæður sem hafa skapast í samfélaginu í kjölfarið hafa ríkisstjórnarflokkarnir á Íslandi ákveðið að efna til aðfarar að sjávarbyggðum með hinni svokölluðu fyrningarleið. Þessar alvarlegu aðstæður eru notaðar til þess að knýja fram órökstudda stefnu flokkanna í sjávarútvegsmálum. Þegar spurt er um rök fyrir þessum breytingum er fátt um svör. Það eru harla ódýr vinnubrögð á svo mikilvægu máli sem varðar þjóðina gríðarlega miklu .

Fyrsta skref ríkisstjórnarinnar í átt að fyrningarleiðinni er hið svokallaða skötuselsfrumvarp sem verið er að reyna að knýja í gegn á Alþingi. Fyrst er skötuselskvótinn skertur verulega og í því sambandi stuðst við rágjöf Hafró. Síðan er lagt fram frumvarp þar sem lagt er til að fara 80% framúr ráðgjöf Hafró. Þeirri aukningu verður úthlutað með einhverjum óskilgreindum og tilviljanakenndum hætti til allra útgerða í landinu. Og fer það ekkert eftir því hvort útgerðirnar geti nýtt þennan kvóta eða ekki. Aukin verðmætasköpun er því sannarlega ekki fyrir hendi. Þetta er óeðlileg tilfærsla á atvinnuréttindum frá þeim sem þessar veiðar hafa stundað og byggt upp, til allra þeirra sem eiga skip og hafa í einhverjum tilfellum selt frá sér skötuselskvóta.

Ég er sjómanskona og er sannarlega stolt af því.

Maðurinn minn er skipstjóri á Magnúsi SH 205 og er einn af eigendum þeirrar útgerðar. Hann hefur frá unglingsaldri sótt sjóinn og þekkir ekkert annað.

Tengdafaðir minn sem er aðaleigandi útgerðarinnar er kominn á níráðisaldur. Hann hefur heldur aldrei gert neitt annað en að stunda sjómennsku. Feðgarnir hafa því sótt sjóinn samtals í yfir 100 ár og eru því hoknir af reynslu og erfiðisvinnu.

Maðurinn minn tók við af pabba sínum sem skipstjóri og sá gamli fylgist grannt með útgerðinni í landi. Fjölskyldan okkar vinnur öll við fyrirtækið á einn eða annan hátt og sér líka 8 öðrum fjölskyldum fyrir vinnu. Það er talsvert í ekki stærra samfélagi.

Vegna umræðu um skuldsetningu er vert að minnast þess að nánast engin atvinnugrein kemst hjá því að fá lán til sinnar starfsemi.

Annars væri engin uppbygging og engin framþróun.

Sigurður tengdafaðir minn er gamaldags. Hann hefur marga fjöruna sopið og hefur upplifað bæði góðar og slæmar vertíðir.

Hann hefur því alla tíð boðað ráðdeild í rekstri útgerðarinnar og engar skuldsetningar nema einungis ef við höfum séð það fyrir okkur að standa vel undir þeim skuldum.

Farsæll ferill Sigurðar í útgerðinni byggir ekki á kerfinu heldur hæfni hans sem skipstjóra og útgerðarmanns, en aflamarkskerfið hefur samt sem áður skapað öryggi og tryggt að ekki hefur verið veitt meira en stofnarnir þola sem er hin mikilvæga trygging fyrir okkur sem fiskveiðipjóð.

Deilurnar um kerfið eru því í raun sorglegar og þeim hefur verið haldið uppi af fólki sem **hvergi kemur nærri sjávarútvegi og hefur engan áhuga á að gera það.**

Útgerðin okkar hefur aldrei staðið í kvótabraski.

Við höfum einungis leigt til okkar kvóta til þess að auka hagkvæmnina í rekstrinum. Við höfum líka lagt allt okkar undir og fjárfest í aflaheimildum með miklu eigin fé enda hefur útgerðin oft gefið vel af sér og haft svigrúm til fjárfestinga í aflaheimildum. En vegna galins vaxtastigs og hruns í efnahagslífinu þá eru þessar fjárfestingar okkur þungar núna.

Ég er hins vegar sannfærð um að ef við fáum að halda áfram að sækja með óbreyttu sniði þá munum við sannarlega standa undir þessum lánum og halda sjó.

Það hefur verið vinsælt í gegnum tíðina að alhæfa um útgerðarmenn, eyðslusemi þeirra, óráðssíu og glæfracjáfrestingar.

Og jú víst hafa sumir í þeirri atvinnugrein hegðað sér óskynsamlega en það eru alls ekki allir útgerðarmenn, frekar en það er hægt að fullyrða að sama gildi um aðrar atvinnugreinar eða að öll heimili í landinu.

En það er óþolandi að allir í greininni séu dæmdir fyrir óráðsíu fárra.

Í öllum atvinnugreinum finnast einstaklingar sem setja óorð á sína starfsgrein líkt og róninn kemur óorði á brennivínið.

Ég hef hins vegar ekki áhuga á að vera sett undir hatt þeirra fáu útgerðarmanna sem hegðuðu sér eins og bjánar í góðærinu. En munið að það var fjárfest og það voru tekin lán í fleiri atvinnugreinum en sjávarútvegi.

Almenningur ræðir um þyrlukaup útgerðarmanns en til samanburðar er bíll útgerðarinnar okkar pikkupp af árgerð 1989 !!!

Er hægt að kalla það óráðsíu?

Við erum ekki spilafífl eða apakettir eins og félagsmálaráðherra heldur fram. Það er ekki hægt að setja heila stétt atvinnurekenda undir og fullyrða að allir séu spilafífl og apakettir.

Það er **hneisa og þjóðarskömm** að ráðherra vogi sér að taka svona til orða. Sá hefur augljóslega engan áhuga á staðreyndum, hann heldur að þetta sé allt sett fram í nafni réttlætis. Að vísu hefur það verið upplýst að hann fjárfesti í hlutabréfum í Sparisjóðnum Byr, hann vill kannski vera kallaður spilafífl og apaköttur fyrir þá fjárfestingu?

Svona gífurlyrði eru engum manni sæmandi.

Og ríkisstjórnin sem þessi félagsmálaráðherra situr í telur að lausnin til að fyrirkomna þessum apaköttum, útgerðarmönnum sé að boða grundvallarbreytingar á stjórn fiskveiða. Hin svokallaða fyrningarleið þeirra er auðvitað sett fram í nafni réttlætis.

Auðvitað vilja allir réttlæti! En þeir menn sem telja sig handhafa réttlætis eru oftast nær hættulegir menn. Það kennir sagan okkur. **Og réttlæti fyrir nokkra getur verið ranglæti fyrir marga.**

Ríkisstjórnin ætlar sem sé að ná þessu réttlæti fram með því að taka aflaheimildir af fólki sem hefur allt sitt líf unnið fyrir sínum fjárfestingum, líkt og hann Siggí tengdafaðir minn. Það er mikill misskilningur að verið sé að innheimta einhvern gjafakvóta og endurúthluta honum. Þegar Sigurður hóf útgerð lá verðið í skipunum sem hann fiskaði á og vann sér inn aflareynslu. Við höfum því keypt allt okkar og lagt allt undir!

Ríkisstjórnin ætlar sér að taka aflaheimildir af fólki sem hefur borgað skatta, lagt líf sitt að veði til að sækja sjóinn, unnið aflann og komið honum á markað svo samfélagið geti notið góðs af.

Þessi sama ríkisstjórn segir að Ísland hafi ekki notið góðs af sjávarútveginum. **Hvernig dirfist þessu fólki að taka svo til orða** þegar sjávarútvegurinn hefur verið hryggjarstykkið í íslensku samfélagi síðustu aldir.

Sjávarútvegur þarf að byggjast á mikilli verðmætasköpun og kröfu um arðsemi vegna þeirrar óvissu sem er innbyggð í rekstur sem byggir á hagstæðu veðri, vindum og þróun lífríkisins í hafinu .

Ríkisstjórnin boðar hins vegar að það eigi að draga úr arðsemi til að skapa störf. Það er furðuleg hagfræði sem ég skil engan vegin.

Hér á Snæfellsnesi er sem betur fer ekkert atvinnuleysi **ennþá**, heldur þvert á móti. Það kann hins vegar að breytast með fyrningarleiðinni. Í þeim varnaðrorðum felast engar hótanir heldur kalt mat á staðreyndum.

Fyrningarleiðin er réttlætt með því að með henni komist fleiri að útgerð og tækifæri skapist fyrir fleiri útgerðarmenn.

Ef það á að fjölga störfum innan sjávarútvegsins með því að gera út fleiri báta er þá ekki jafnframt hægt að leggja öllum flökunarvélum og taka upp handflökun í staðin til að fjölga störfum?

Góðir fundarmenn.

Hér á Snæfellsnesi er gott að búa og hér ríkir mikil hagsæld.

Draumasveitarfélagið Snæfellsbær og íbúar þess hafa svo sannarlega notið góðs af vel reknum sjávarútvegsfyrirtækjum sem hér starfa.

Það er lífsspursmál fyrir Snæfellsbæ og aðrar sjávarbyggðir landsins að halda í sjávarútveginn.

Á hverju eigum við annars að lifa? Verðmætum sem verða til í Kringlunni? Ekki getum við öll flutt til Reykjavíkur. Nei, þeir sem í sjávarútvegi og tengdum greinum starfa skapa mikil verðmæti fyrir samfélagið í formi skatttekna og varla getur það talist glæpur.

Einstaklingar í sjávarútvegi eru ekki óvinir fólksins, heldur þvert á móti. Þeir sem tala um að við séum óvinir þjóðarinnar ættu að hugsa sig tvisar um því svona var talað um bændur í Sovétríkjunum sálugu. **Ætlum við að virkilega að stefna þangað?**

Góðir fundarmenn.

Sjávarútvegurinn hefur verið hornsteinn þess að Ísland hefur til skamms tíma verið eitt ríkasta land í heimi. Nú á þegar brimið skellur á þjóðinni í formi ískaldrar kreppu er sjávarútvegurinn sú atvinnugrein sem mun flýta fyrir bata efnahagslífsins okkar.

Ríkisstjórnin ætlar hins vegar með þessum vanhugsuðu breytingum að gera okkur Íslendinga að fátækri þjóð.

Ríkisstjórnin ætlar sér með þessum grundvallarbreytingum á fiskveiðilöggjöfinni að leggja landsbyggðina í eyði. **Er þetta það sem við þurfum nú á tímum? Höfum við virkilega efni á því?**

„Fyrningarleiðin er feigðarflan. Við sem í sjávarútvegi störfum getum ekki endalaust sætt þeim árásum sem atvinnugreinin verður fyrir. Við viljum fá frið til að sækja á miðin til að ná einhverjum krónum í kassann því það er það sem þessa þjóð vantar einmitt núna.

Ég skora á þingmenn kjördæmisins að hafna fyrningarleiðinni. Hún er **vanhugsuð og óábyrg**. Hún er búin til af pólitískum ímyndarsmiðum sem þekkja ekkert til í sjávarútvegi. Þeir héldu að með óskilgreindri fyrningu aflaheimilda mætti skapa flokkunum stundar vinsældir og völd á kostnað sjávarbyggðanna. **Við skulum sameinast gegn þeim óábyrgu áformum.**“